

Reykjavík, 15. júlí 2024

Efni: Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til laga á breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, mál 1105 – þskj. 1657.

ÖBÍ réttindasamtök (ÖBÍ) fagna öllum skrefum í átt að auknum réttindum sjúklinga og brotthvarfi frá notkun þvingana og nauðungar í heilbrigðiskerfinu, sem ættu að felast í þessu frumvarpi. Hins vegar er mikilvægt að halda til haga að hér er eingöngu um takmarkanir á notkun þvingana að ræða. En líkt og Evrópuráðið hefur bent á (2019), hefur slík löggjöf ekki dregið úr beitingu nauðungar og þvingana í öðrum Evrópulöndum. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld stígi fastar inn, með kjölfestu í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og stefni að útilokun allrar nauðungar í heilbrigðiskerfinu.

Nauðung og þvingun eru ekki, og mega aldrei vera, úrræði í heilbrigðiskerfinu. Enda, eins og bent hefur verið á, frekar dæmi um úrræðaleysi. Afleiðingarnar geta verið gríðarlegar, bæði fyrir þann einstakling sem í hlut á og heilbrigðiskerfið í heild, þar sem með notkun þvingana verður til vítahringur sem kallar á frekari nauðung. Að auki eru dæmi um að einstaklingar forðist að leita til kerfisins af ótta við nauðung og þannig verkar hún takmarkandi á jafnt aðgengi að heilbrigðiskerfinu.


Þó vissulega sé hér um að ræða tilraun til að takmarka og skrásetja notkun þvingunar og nauðungar innan heilbrigðiskerfisins, sem tryggja eigi fötluðu fólki aukin réttindi og gagnsæi, þá er hættu á að frumvarpið festi frekar í sessi ákveðið úrræðaleysi innan kerfisins. Gjörningur sem í raun krefst mun víðtækari aðgerða til að hægt sé að taka á vandanum og feli þar með í sér aukna hættu á brotum gagnvart sjálfsákvæðanarétti fatlaðs fólks.

ÖBÍ taka heilshugar undir áhyggjur Geðhjálp og Hugarafis, og ítreka að nauðsynlegt sé að setja metnaðarfull markmið um hvernig við tryggjum aðgengi og öryggi fatlaðs fólks innan heilbrigðiskerfisins. Vissulega felst ákveðið réttaröryggi í skilgreiningu ferla og atvikaskráningu, sem er bót á núverandi ástandi. Hins vegar er alls óvíst að frumvarp í óbreyttri mynd skili sér í minni nauðung innan heilbrigðiskerfisins. Þá vill ÖBÍ ítreka minnisblað með tillögum samráðshóps notendahópa um breytingar á lagafrumvarpi varðandi takmörk á beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu, dags. 29. nóvember 2023. Minnisblaðið tiltekur breytingar sem samráðshópurinn leggur til á frumvarpinu sem hafa það allar að leiðarljósi að þrengja heimildir til beitingu

nauðungar, tryggja frekar tilkynningarskyldu heilbrigðisstofnanna og auka réttaröryggi sjúklinga almennt.

Að lokum vill ÖBÍ áréttta að Landsáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum fatlaðs fólks hefur komið til framkvæmda og er hluti af innleiðingu og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og bendir í því sambandi m.a. á 12. gr. samningsins um jafna viðurkenningu fyrir lögum og b-lið 1. mgr. 14. gr. samningsins þar sem kemur m.a. fram að aðildarríkin skuli tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt frelsi sínu með ólögætum hætti eða að geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka



Rósa María Hjörvar
verkefnastjóri ÖBÍ réttindasamtaka

Vilhjálmur Hjálmarsson
formaður heilbrigðishóps ÖBÍ réttindasamtaka